

# Íslenska 8. JK

---

Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson; Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

8

## Markmið:

Stefnt er að því að nemendur fái sem gleggst yfirlit yfir aðalatriði greiningar á rituðu máli og töluðu, án þess að áhersla sé lögð á undantekningar eða smáatriði. Nemendur þurfa að kunna að nota helstu hugtök sem geta aukið skilning þeirra á málinu. Nemendur geti lesið texta og náð innihaldi hans. Að þeir geti svarað efnislega og ályktað út frá texta. Jafnframt er tilgangurinn að hvetja nemendur til lestrar.

Einnig að þjálfa nemendur í ritun móðurmálsins, notkun orðabóka, efla almenna málnotkun og örva frásagnargleði þeirra í rituðu máli.

## Námsefni:

Kveikjur (verkefnabók og textabók) – valið efni.

Málið í mark – fallorð

Bragfræði

Egils saga Skalla-Grímssonar (endursögð)

Innrásin frá Mars (endursögð)

Glæstar vonir (endursögð)

Lestrarbækur að eigin vali

Skrifinnur og Ritinnur

## Kennsluaðferðir:

Innlagnir kennara, einstaklingsvinna, hópavinna, myndbönd o.fl.

## Námsmat:

Símat. Próf, verkefni og vinnubrögð metin til einkunnar.

### G.Í. íslenska 8. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Skilur mikilvægi þess að geta lesið og getur eftt eigið læsi
- Getur notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið
- Getur lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- Getur valið sér lesefni til gagns og ánægju
- Hefur kynnst nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði

### G.Í. íslenska 8. bekkur - Málfræði

- Áttar sig á flokkun fallorða, sagnorða og óbeygjanlegra orða og veit í hverju hún felst
- Áttar sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra
- Getur fundið og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar í orðabókum og á Netinu

### Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því.
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa
- Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.

### Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Ritun

- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.

### Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða

- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta

### Íslenska fyrir 8.-10.bekk - Ritun

- Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar

### Íslenska fyrir 8.-10.bekk - Málfræði

- Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.

- **1. september**

Kveikjur Textabók og verkefnabók  
1. Kafli – Af hverju vil ég efla læsi  
2. Kafli - Mikill er máttur tungunnar

Málið í mark fallorð – Nafnorð, verkefnabók og vefsíða.  
Yndislestur

- **2. október**

Kveikjur Textabók og verkefnabók  
4. Kafli – Ég skal sko segja þér  
3. Kafli – Fjölmíðlar eru læsilegir

Málið í mark fallorð - Lýsingarorð, verkefnabók og vefsíða  
Egils saga Skallagrímssonar – (endursögð)  
Yndislestur

- **3. nóvember**

Kveikjur Textabók og verkefnabók  
6. Kafli – Fræðilegur lestur en ekki hræðilegur

Málið í mark fallorð – Fornöfn, verkefnabók og vefsíða  
Innrásin frá Mars – (endursögð)  
Yndislestur

- **4. desember**

Kveikjur Textabók og verkefnabók  
10. Kafli – Öll þessi skilaboð  
Málið í mark fallorð – Ljúka við bókina

- **5. janúar-febrúar**

Kveikjur 5. og 7. kafli  
Egils saga  
Yndislestur  
Lestarpróf

- **6. mars-apríl**

Kveikjur 8. og 9. kafli  
Glæstar vonir  
Yndislestur

- **7. maí**

Upprifjun  
Lestarpróf